

Ed.

350. Frumvarp til laga

[200. mál]

um landgræðslustörf skólafólks.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Ásgeir Bjarnason, Steingrímur Hermannsson,
Björn Fr. Björnsson, Bjarni Guðbjörnsson.

1. gr.

Heimilt er að kveðja til starfa við landgræslu a. m. k. tvo daga á hverju skólaári hvern þann nemanda, sem orðinn er 12 ára eða eldri og stundar nám í skóla, sem kostaður er af ríkinu að einhverju eða öllu leyti, enda sé nemandinn hraustur og ófatlaður.

2. gr.

Landgræðslustörf samkvæmt lögum þessum eru græðsla lands og hvers konar vinnu vegna gróðurverndar; gróðursetning trjáplantna, grisjun skóga og fegrun skóglendis; gróðursetning skrúðjurta og endurbætur skrúðgarða; lagfæring og fegrun umhverfis skóla, gistihúsa, sjúkrahúsa eða annarra opinberra menningar- og líknaðstofnana.

Lög þessi taka hvorki til túnræktar né annarra sérstakra framkvæmda á lögbylum.

3. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur yfirumsjón með framkvæmd þessara laga.

Skógrækt ríkisins — að fengnum tillögum Skógræktarfélags Íslands — velur verkefni og skipuleggur framkvæmdir, þar sem unnið er á skóglendi.

Landgræsla Íslands — að fengnum tillögum Landverndar — velur verkefni og skipuleggur landgræðslustörf nemenda í skólum í Reykjavík, sbr. þó 2. málsg.

Búnaðarsamband á því svæði, þar sem skóli starfar utan Reykjavíkur, velur verkefni og skipuleggur landgræðslustörf skólafólks á búnaðarsambandssvæðinu.

Verkefni skólafólks við landgræslu, sbr. 2. gr., skulu valin í samráði við hlutaðeigandi skólastjóra og fyrir eitt skólaár í senn.

4. gr.

Skólastjóri ákveður, hvaða daga á skólaárinu skal unnið að landgræslu, og tilkynnir það nemendum skólans.

Skólastjóri eða kennari skal hafa eftirlit með landgræslustörfum nemenda skólans.

5. gr.

Ferðakostnað nemenda vegna landgræðslustarfa skal telja með skólakostnaði.

6. gr.

Í reglugerð, sem menntamálaráðuneytið setur, skal kveða nánar á um landgræslustörf skólafólks.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er ótvírætt, að gróðurfari Íslands hefur hnignað að miklum mun, frá því að land byggðist. Þótt mikið verk sé unnið árlega við ræktun og landgræslu, eru eyðingaröflin svo áhrifamikil, að ekki er fullvist, hvort meira vinnst eða tapast enn þá á þessu sviði ár hvert, þegar litið er á landið í heild. Eitt hið mikilvægasta viðfangsefni þjóðarinnar er að snúa vörn í sókn á þessu sviði.

Um þessar mundir er þetta mikilvæga þjóðmál til sérstakrar athugunar með það fyrir augum að gera áætlun um framkvæmdir. Í framhaldi af því verður að auka stórlega framlög til landgræðslu.

Á fyrstu áratugum tuttugustu aldar var kjörorð íslenskra æskumanna þetta: Ræktun lýðs og lands. Margir þeirra, er á æskuárum höfðu þetta að kjörorði, hafa í reynd orðið miklir ræktunarmenn, og bera sveitir landsins verkum þeirra fagurt vitni.

Þróun atvinnuvega er þannig, að þeim, sem stunda landbúnað, fækkar hlutfallslega miðað við íbúafjölda landsins í heild. Auknum framförum og fjölbreytni atvinnulífs fylgir æ meiri verkaskipting. Lítil hluti æskumanna er nú vegna atvinnu sinnar í beinum tengslum við ræktunarstarfið. Með hinu margbrotna skólastarfi fer fram í vaxandi mæli undirbúningur að því að vinna að öðrum verkefnum en ræktun og landgræðslu.

Framkvæmdum við ræktun og landgræðslu má skipta í þrennt:

Ræktun túna og haga í heimalöndum lögbýla mun framvegis sem fyrr verða bundin við framtak bændastéttarinnar með þeim stuðningi af hálfu ríkisins, sem ákveðinn er í jarðræktarlögum.

Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins munu eflast og halda áfram að leysa af hendi stór verk og mikilvæg, eftir því sem fé er veitt til þeirra framkvæmda. Það mun framvegis verða veigamikill þáttur í landgræðslu, svo sem nú er.

Þriðji þátturinn er landgræðslustarf áhugamanna.

Félagasamtökin Landvernd, sem stofnuð voru fyrir fjórum árum, hafa sýnt lofsvert framtak. Að tilhlutan Landverndar hefur verið dreift fræi og áburði til græðslu lands sem hér segir:

Ár	Fræ	Áburður
1972	24.9 smál.	393.25 smál.
1973	6.5 —	238.5 —

Á undanförunum árum hefur Ungmennafélag Íslands og einstök félög innan vébanda þess beitt sér fyrir því, að sjálfbóðaliðar ynnu við að dreifa áburði og fræi á gróðursnautt land. Þessi starfsemi ungmennafélaganna var hafin árið 1967. Síðan hefur á vegum ungmennafélaganna verið dreift fræi og áburði vegna landgræðslu eins og hér segir:

Ár	Fræ	Áburður	Fræ og áburður
1968	5 smál.	67 smál.	
1969	7 —	90 —	
1970	10 —	120 —	
1971			134.7 smál.

Hin síðustu ár hefur landgræðslustarf ungmennafélaganna verið skipulagt í samráði við Landvernd og samvinna höfð milli þessara stofnana um framkvæmdir.

Hér skal á það minnt, að flugmenn íslenskir gáfu kost á því að stýra flugvél Landgræðslu ríkisins til að dreifa áburði á tiltekin landssvæði og skyldu þeir vinna verkið án þess að krefjast launa fyrir það.

Starf áhugamanna við landgræðslu þarf að auka stórlega og skipuleggja sem best.

Hið íslenska skólakerfi er orðið umfangsmikið. Af rekstrargjöldum ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1973 fara um 17% til fræðslumála. Þeim æskumönnum, er sitja á skólabekk að skyldunámi loknu, fjölga ár frá ári, og það sækir í það horf, að skólatími lengist ár hvert. Í frumvarpi um grunnskóla er miðað við það sem aðalreglu, að starfstími skóla verði níu mánuðir, þannig að skóli starfi frá 1. sept. til 31. maí hvert skólaár.

Hin langa skólaseta getur haft lamandi áhrif á líkamlegt þrek æskumanna, nema jafnframt bóknámi sé nokkrum tíma varið til íþróttar og útivistar. Þess er og gætt, þegar námsskrá er samin, að ætla tíma til þess, og telst það til skólastarfsins.

Í frumvarpi um grunnskóla er kveðið svo á:

„Miðað við níu mánaða starfstíma grunnskóla og 6 daga skólaviku skulu starfsdagar skóla á hverju skólaári teljast vera 210. Af þeim skal 195 dögum hið fæsta varið til kennslu og prófa, en allt að 15 dögum til annarra þarfa skólans, og er í því sambandi heimilt að taka tillit til sérstakra atvinnuhátta og aðstæðna í skólahverfinu.“

„Skólastjóri og kennarar á ákvarða, hversu ráðstafa skulu þeim starfsdögum skólans, 15 eða 10, sem ekki er skylt að nota til kennslu eða prófa.“

„Í öllum skólum á grunnskólastigi skal nemendum gefinn kostur á að taka þátt í tómstunda- og félagsstarfi á vegum skólans eftir því sem aðstæður leyfa.“

Frumvarp þetta kveður svo á, að heimilt skuli vera að kveðja til starfa við landgræðslu tvo daga á hverju skólaári hvern þann nemanda, sem orðinn er 12 ára eða eldri og stundar nám í skóla, sem kostaður er af ríkinu að einhverju eða öllu leyti, enda sé nemandinn hraustur og ófatlaður. Landgræðslustörf í þessu sambandi teljast græðsla lands og hvers konar vinna vegna gróðurverndar; gróðursetning trjáplantna, grisjun skóga og fegrun skóglendis; gróðursetning skrúðjurta og endurbætur skrúðgarða; lagfæring og fegrun umhverfis skóla, gistihúsa, sjúkrahúsa eða annarra opinberra menningar- og líknarstofnana. Landgræðslustörf skólafólks skulu undirbúin og skipulögð sem best að tilhlutan Skógræktar ríkisins, Landgræðslu ríkisins eða búnaðarsambands.

Samkvæmt yfirliti um fjölda nemenda og kennara í skólum skólaárið 1972—1973 — en það yfirlit er birt með grunnskólafrumvarpinu — voru þá samtals um 25 þúsund nemendur í skólum þeim, sem frumvarp þetta tekur til. Ef frumvarpið verður lögfest og ákvæði þess látin koma til fullra framkvæmda, má ætla með vísun til nemendafjölda, að hægt verði á þessum grundvelli að fá unnin á einu ári um 50 þúsund dagsverk við landgræðslu, þótt vinna hvers einstaklings við þessi verkefni sé aðeins tvö dagsverk á ári. Af þessu má marka, að hér er um að ræða verulegt framlag til gróðurverndar og landgræðslu.

Í frumvarpi þessu felst heimild til að kveðja til landgræðslustarfa nemendur í skólum, sem kostaðir eru af ríkinu að einhverju eða öllu leyti. Ekki verður skylt að láta þetta koma til fullra framkvæmda þegar í stað. Ákvæði frumvarpsins, ef að lögum verða, má framkvæma í áföngum, eftir því sem störfin verða undirbúin og skipulögð samkv. 3. gr. Kemur þá í ljós, hvort hugmynd sú, sem hér er reifuð, stenst próf reynslunnar.

Með þessu frumvarpi er ekki stefnt að því að koma á með löggjöf þvingandi valdboði. Það er horið fram með það fyrir augum að glæða þann áhuga á þessu viðfangsefni, sem komið hefur fram hjá ungmennafélögum og ýmsum öðrum, og að efla starfsemi áhugamanna á þessu sviði.

Þjóðhátíðarárið 1974 á að verða ár mikilla fyrirheita um að græða landið, bæta það og fegra. Ungu kynslóðin, sem vissulega nýtur góðra lífskjara í landinu, á að fá tækifæri til að sýna með skipulegum átökum, að börn vorhugans séu að verki, þar sem hún gengur til starfa.